

EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Stað, Grindavík



Dags eftirlits	17.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Stað í Grindavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hjalti Bogason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir og Aron Gauti Magnússon	Staðsetning	326207,593 372914,582

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Grænt bókhald fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. 2) Ársyfirlit fyrir árið 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. 3) Fullnægjandi tryggingarskírteini var ekki til staðar.

Eitt frávik var enn þá opið frá síðasta eftirliti: 1) Seiðaeldislögn uppfyllir ekki kröfur í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, 2. tl. 9. gr. Enn á eftir að framlengja seiðaeldislögn út fyrir brimvarnargarðinn. Umhverfisstofnun barst bréf vegna úrbótaáætlunar 22. ágúst 2024, þar sem rekstraraðili óskaði eftir fresti vegna yfirvofandi óvissusástands á Reykjanesi. Það var samþykkt með þeim skilyrðum að rekstraraðili mynd mæla heildarfósfór og heildarköfnunarefni í frárennsli tvisvar á ári í hámarks og lágmarkslífmassa sbr. grein 4.3 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 3.000 tonnum af laxi eða bleikju (að hámarki 3.000 tonn af lífmassa á hverjum tíma).

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og þrjár ábendingar voru settar fram. Öllum frávikum hefur verið lokað.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti vegna ársins 2024, grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað inn fyrir 1. maí 2025. Heildarframleiðsla ársins 2024 var 1588 tonn og fóðurnotkun 2058 tonn. Grænt bókhald vegna ársins 2024 var ófullnægjandi, það vantar losun á fosfór og nitri og var fóðurmagn og framleiðsla ekki rétt uppgefið, og er það frávik. Leiðrétt grænt bókhald barst Umhverfis- og orkustofnun 4. desember 2025 og er frávikinu lokað. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var ófullnægjandi, fosfór og nitur útreikningar voru ekki réttir og upplýsingar um lífmassa og fóður var ekki í samræmi við upplýsingar úr græna bókhaldinu og er það frávik. Leiðrétt ársyfirlit barst Umhverfis- og orkustofnun 4. desember 2025 og er frávikinu lokað.

4. Fosfórlosunina fyrir árið 2024 reiknast út frá fóðri 8,4 kg P/tonn sem er innan marka starfsleyfis.

5. Farið var yfir áætlanir og eru þær allar til staðar. Fullnægjandi trygging var ekki til staðar og er það frávik.

6. Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað. Frárennsislögnin frá áframeldinu varð fyrir skaða í stóra jarðskjálftanum 10. nóvember 2023 og er smá leki frá lögninni. Rekstraraðili er að bíða eftir að geta tæmt stöðina til

að lagfæra lögnina.

7. Þrjár efnageymslur eru í stöðinni og eru þær allar með lekabyttum og öryggisblöð eru aðgengileg í efnageymslu.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 4.1 í starfsleyfi.

Ársyfirlit vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 4. desember 2025 og er frávikin lokað.

gr. 4.5 í starfsleyfi

Grænt bókhald vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 4. desember 2025 og er frávikin lokað.

gr. 2.9 í reglugerð.

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfis- og orkustofnun metur gilda. Skírteini sem lagt var fram er ekki fullnægjandi þar sem fleiri en ein starfstöð er tilgreind á skírteininu.

ÁBENDINGAR

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 13.02.2026

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir